

**Fundargerð stjórnarfundar**

**Staður:** Erluhraun 15, Hafnarfirði  
**Tími:** 9. apríl 2008, kl. 20 – 22  
**Viðstaddir:** Frá Hólsbraut: Kjartan Kárason (KK)  
Frá Króki: Hjalti Elíasson (HE); Hannes Siggason (HS) formaður  
Frá Gilbraut: Einar Kristjánsson (EK)  
Frá Keldudal: Auðunn Oddsson (AO)  
Frá Hlíðarbraut: Einar Ragnar Sigurðsson (ERS)  
**Forföll boðaði:** Nýkjörinn fulltrúi Keldudals: Guðrún S. Ólafsdóttir  
Frá Heiðarbraut: Sigrún María Kristinsdóttir (SMK)

---

**Dagskrá fundarins var svohljóðandi:**

- 1) Fundargerð síðasta stjórnarfundar (umsj: ritari/EK).
- 2) Skipting embætta (gjaldkeri, ritari).
- 3) Heimasíðan (umsjón ERS).
- 4) Fyrirkomulag funda, Fundaáætlun.
- 5) Félagatalið, uppfærsla, límmiðar á umslög.

\*\*\*\*\*Kaffihlé\*\*\*\*\*

- 6) Upplýsingar frá fundi með Helga Gíslasyni vegna leigusamninga.
  - 7) Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (umsj. HE).
  - 8) Fréttir af stjórnarstörfum SR (umsj. HE).
  - 9) Önnur mál (Allir).
- 

**1 Fundargerð síðasta stjórnarfundar**

EK las fundargerð síðasta stjórnarfundar sem var undirrituð af viðstöddum.

**2 Skipting embætta (gjaldkeri, ritari).** Óbreitt frá nýliðnu starfsári: KK verður áfram gjaldkeri og EK ritari.

**3 Heimasíða félagsins.** ERS heldur áfram með heimasíðuna. Ekki liggja fyrir upplýsingar um umferð á síðunni.

**4 Fyrirkomulag funda, Fundaáætlun.** Tillaga HS (verður send í tölvupósti).

**5 Félagatalið, uppfærsla, límmiðar á umslög.** EK og ERS bera saman upplýsingar frá aðalfundi og félagatal yfir þá sem greiða félagsgjald. ERS uppfærir límmiða.

**6. Upplýsingar frá fundi með Helga Gíslasyni vegna leigusamninga.** Óákveðið hvenær fundur með HG verður. HS mun vinna að því að fá fund með HG og þeim Magnúsi Jóhannessyni, Hjalta Elíassyni og Einari Ragnari Sigurðssyni.

**7. Upplýsingar frá fulltrúa Félags landnema á Fellsmörk í vinnuteymi Landgræðslunnar með umsjón varnargarða við Klifanda (umsj. HE).** Fáum enga fjárveitingu á þessu ári í verkefnið. HE mun fylgjast með málinu.

**8. Fréttir af stjórnarstörfum SR (umsj. HE).** Engar fréttir sem varða Fellsmörk. Aðalfundur SR var haldinn 2. apríl. Hefðbundin aðalfundarstörf.

**9. Önnur mál.** Engin mál komu fram undir þessum lið.

Fundi slitið um kl. 22.00.

Fundargerðina ritaði Einar Kristjánsson ritari.

Dreifing: Stjórn félagsins ; Heimasíða félagsins

---

***Undirritaðir hafa lesið fundargerðina og eru henni samþykkir:***